

Lög foreldrafélags Jötunheima

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Jötunheima.
Félagið starfar skv. 4. kafla laga um leikskóla nr. 90 frá 2008.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Norðurhólum 3, 800 Selfoss.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í leikskólanum
- stuðla að velferð barnanna
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks leikskólans
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og þroskaskilyrði
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál og stuðla þannig að styrku uppeldisstarfi leikskólans sem og ytri umgjörð hans

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að:

- koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
- standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs
- veita stjórnendum leikskólans lið við að efla innra og ytra starf skólans
- taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög

5. gr.

Stofnfélagar eru:

Ragnheiður Gló Gylfadóttir kt: 070180-4999
Linda Björk Sigurðardóttir kt: 131177-4889
Hrönn Erlingsdóttir kt: 070578-5739
Guðbjörg Gunnarsdóttir kt: 170372-5229
Kristjana Hallgrímsdóttir kt: 190572-3669
Anne Bruun Hansen kt: 270369-2439

6. gr.

Allir forráðamenn barna í leikskólanum Jötunheimum eru sjálfkrafa aðilar að félaginu á meðan barnið dvelur í leikskólanum.

7. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sex aðalmönnum þ.e. formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara, tveimur meðstjórnendum og tveimur varamönnum.

Ákjósanlegast er að hver deild leikskólans eigi fulltrúa í stjórninni.

Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn en formaður skal kosinn ár hvert. Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn í einu.

Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á önn.

Skal í upphafi skólaárs ákveða reglulegan fundartíma stjórnar.

Dagleg umsjón félagsins annast stjórn félagsins.

Firmaritun félagsins er í höndum meirihluta stjórnar.

8. gr.

Starfstímabil félagsins er skólaárið frá ágúst fram í júlí. Aðalfund skal halda á tímabilinu
1. sept. til 15. okt. ár hvert.

Skal boða til hans með auglýsingu með minnst viku fyrirvara og telst hann því aðeins
löglegur sé löglega til hans boðað.

Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Allir félagsmenn mega vera
þátttakendur á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

- a) Skýrsla um starfsemi félagsins
- b) Reikningar félagsins
- c) Kosning til stjórnar
- d) Lagabreytingar
- e) Ákvörðun um árgjald
- f) Önnur mál

9. gr.

Árgjald félagsins skal innheimt í upphafi skólaárs.
Árgjald er ákveðin á aðalfundi.

10. gr.

Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið í lok skólaárs
til uppákomna eða fræðslu til forráðamanna og barna/ nemenda við leikskólann.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta félagsmanna og
renna eignir þess til leikskólans Jötunheima.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gildi þann/
22. janúar 2009

F.h. stjórnar Foreldrafélag Jötunheima

Reynhildur G. Guðfad. 070180-4499 ritari

Linda Björk Sigurdard. 13.11.77-4889 Formadur

Guðbjörg Gunnarsdóttir 170372-5229 gjaldkeni

Kristjana Hallgr 1905723669 varaformadur

Þrann Erlingsdóttir 070578-5739 meðstjórnandi

Anne Bruun Hansen 270369-2439 meðstjórnandi